

Kortagrunnur ISGRAF
Hnitakerfi: ISNET 93

MKV: 1:10000



Ferðamiðstöð við Laugará



Hluti af Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps

GREINAGERÐ

Laugarfell - Tillaga að deiliskipulagi -

Deiliskipulagið nær yfir Laugarfell og Laugará og nánasta umhverfi þess. Skipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2002 - 2014. Landfræðilega afmarkast skipulagið af Jökulsá í Fljótsdal að norðan, og norðvestan af vegi vestan Laugarfells, og af vegi á Fljótsdalsheiði. Að norðaustan af línu sem er samsíða Laugará. Stærð svæðis er um 85 ha. Sjá nánar afmörkun á skipulagsuppdrætti.
Markmið deiliskipulagsins er .:
1. Að skilgreina svæðið sem ferðamiðstöð á Snæfellsöræfum eins og gert er í Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps2002 - 2014.
2. Að skilgreina námusvæði og frágang þess í Laugarfelli.

Lýsing staðhátta:
Svæðið tilheyrir jörðinni Valþjófsstaðir. Nokkrir kofar, gangnamannahús,hesthús, gistiaðstaða hestamanna og ferðamanna er norðaustan við Laugarfell. Laugará rennur niður í Jökulsá í Fljótsdal fyrir utan fellið, og myndar bugðu til norðurs. Heit volgra er rétt við Laugarkofa og er þar hlaðinn hringlaga baðlaug. Á svæðinu er hesta-og kindagerði. Svæðið er að mestu gróið, ógróin svæði eru í Laugarfelli en allt svæðið við Laugará er vel gróið. Fallegir stallar og fossar eru í Laugará, fossarnir eru Slæðufoss og Stuðlafoss. Í Jökulsá er um 3 km að Kirkjufossi og fossinn Faxi (Faxfoss) er rétt neðan við, þar sem Laugará fellur í Jökulsá. Vegslóði liggur frá Fljótsdalsheiðavegi að Laugarkofum. Í Laugarfelli sunnanverðu hefur verið tekið um 8000 m3 af efni til vegagerðar og þar er opin ófrágengin náma.

Söguminjar / Fornminjar:
Samkvæmt heimildum frá Helga Hallgrímssyni í samantekt um Gangnakofa á Fljótsdalsafréttum segir um laugina að hennar hafi verið getið í sóknarlýsingu Valþjófsstaðasóknar 1840. Árið 1872 var komin kofi við laugina sbr. lýsingu Burtons. Einnig er til í heimildum frá 1894 frásagnir um kofa og laug. Svæðið var fornleifaskráð vegna Fornleifaskráninga Kárahnúkavirkjunar og er þar vakin athygli á Laugakofa innan við Laugará, ekki eru aðrar athugasemdir vegna fornleifa á þessu svæði.

Lýsing á skipulagi:
Tillagan gerir ráð fyrir að kofar og bráðabirgðahús (Laugarhús), nema hesthúsið verði fjarlægð af svæðinu og í stað þess verði byggt eitt hús, ferðamannaskáli sem nýtist ferðamönnum og gangnamönnum. Aðkoma að þessum skála verður um núverandi veg frá Fljótsdalsheiðarvegi en gera þarf smá breytingu á legu vegar ofarlega vegna snjóþyngla. Hesthúsið sem stendur skammt frá laugninni verði lagfært. Gert er ráð fyrir bifreiðastæði norðan Laugarár, og snúningssvæði fyrir rútur. Ekki er gert ráð fyrir umferð bifreiða yfir Laugará en að hún verði brúuð með göngubrú. Sunnan við Laugará er staðsett tjaldsvæði, gert er ráð fyrir varanlegu hestagerði og kindagerði og að laugin verði endurbyggð á varanlegan hátt með steinhleðslu.

Göngu og reiðleiðir.
Gert er ráð fyrir gönguleiðum útfrá hálendismiðstöðinni við Laugará. Gert er ráð fyrir stikuðum gönguleiðum frá Laugakofa niður með Laugará að Faxa og áfram þaðan í átt að Kleifarskógi. Einnig er gönguleið að Kirkjufossi. Síðan er gönguleið upp með Laugará að Slæðufossi. Gert er ráð fyrir að útsýnissvæði verði við Slæðufoss og að aðgengi þar verði fyrir hreyfihamlaða. Gönguleið er milli fyrirhugaðra áningasvæðis við Laugarfell og Laugarkofa, auk gönguleiðar á Laugarfell. Einnig er ráðgert að nota slóða sem eru milli loftstúta á aðrennslisgöngum Kárahnjúkavirkjunar þannig að þeir nýtist að hluta sem gönguleið milli áningasvæðis við Laugarfell og Laugarkofa.
Skipulagðar reiðleiðir hafa verið um þetta svæði og liggur reiðleið í gegnum skipulagssvæðið, í átt frá Kleifarskógi um Laugarkofa og svo áfram austan Snæfells í Snæfellsskála.

Náma í Laugafelli.
Í Laugarfelli hefur á takmörkuðu svæði verið námutaka til Vegagerðar. Þar hefur verið tekið um 8000 m3 efnis. Til viðbótar er gert ráð fyrir að taka um 35.000 m3 efnis vegna stíflugerðar á Hraunaveitusvæðinu. Svæðið þar sem efnið er tekið er nánast án gróðurþekju. Við lok efnistöku verður svæðið landmótað og lagfært þannig að ekki verður séð að þarna hafi verið náma, auk þess að þar verður gerður áningastaður, með bílastæði og útsýnissvæði. Frá áningastaðnum er gert ráð fyrir stikaðri gönguleið á Laugarfell og að Laugarkofa.

Aðrennslisgöng.
Aðrennslisgöng Kárahnjúkavirkjunar (Jökulsárgöng) liggja neðanjarðar á svæðinu. Uppúr þessum göngum á nokkrum stöðum á þessu svæði eru loftstútar sem ná uppúr yfirborði. Frágangur á þessum loftstútum verður þannig að hlaðin er varða umhverfis loftróið, þannig að þau falli vel að umhverfinu.

BYGGINGAR OG SKIPULAGSSKILMÁLAR VEGNA FERÐAMANNASKÁLA VIÐ LAUGARÁ.

Húsagerð og staðsetning.: Hús skal ekki staðsett nær Laugará en 50 metra. Húsið skal vera með risþaki, mænir að öllu jöfnu vera yfir miðju þaki, og skal mænir fylgja hæðalínu. Húsið skal byggt úr timbri/steinsteypt og veggir klæddir timbri/báruáli eða samsvarandi efni. Þök og veggir skulu vera í litum sem falla vel að umhverfinu.
Skálinn skal ekki vera stærri en 400 m2 að heildarflatarmáli, þó er heimild til þess að byggja sér eða tengt við skálann þjónustuhús fyrir tjaldsvæði allt að 40 m2 til viðbótar.
Aðalhúsið má vera á 2. hæðum en hámarkshæð frá aðliggjandi landi fari ekki yfir 8 metra.
Heimild er til þess að endurbyggja og stækka hesthúsið. Hámarksstærð 80 m2 á einni hæð.
Við hesthúsið er gert ráð fyrir hauggeymslu skv. 6. gr. reglugerðar nr. 804 / 1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum kólnunarefnissambanda frá landbúnaði.
Byggingarnefndarteikningar af öllum mannvirkjum skulu lagðar fyrir byggingarnefnd áður en framkvæmdir hefjast. Þær skulu sýna staðsetingu húss á lóð ásamt staðsetningu rotþróar.
Öll landmótun og efnisnotkun skal samræmast umhverfinu. Um leið og gengið er frá húsi, þá skal jafnframt ganga frá öllu umhverfi sem raskast vegna framkvæmda.

Vatn rafmagn.: Gert er ráð fyrir að bora fyrir vatni og leggja rafmagn að svæðinu.
Girðingar.: Byggt verður hestagerði og hólf fyrir fénað.
Sorp.: Sorpi skal komið fyrir í gámum á vegum sveitafélagsins.

Skipulagssvæði

Tákn	Skýringar
	Mörk deiliskipulags
	Afmörkun skipulagssvæðis
	Byggingareitur mannvirkja
	Núverandi byggingar fjarlægðar
	Aðrennslisgöng neðanjarðar
	Loftstútar aðrennslisganga
B1	Skáli
L1	Heit laug / volgra
T	Tjaldsvæði
	Þjóðvegir / Safnvegir
	Núverandi vegslóðar
	Göngubrú
	Göngustígur - stikuð leið
	Reiðstígur
	Bílastæði
	Núverandi hæðarlínur
000 m²	Stærð lóðar í fermetrum
	námusvæði

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 25. gr. skipulags og byggingarlaga nr.$^{73}/_{1997}$ var samþykkt í ____ þann _____ 200 og í _____ þann _____ 200 .

Tillagan var auglýst frá _____ 200 _____ með athugasemdafresti til _____ 200 .

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 200 .

Unnið fyrir:

Fljótsdalshreppur

Landsvirkjun

LAUGARFELL / LAUGARÁ FLJÓTSDALSHREPPI
TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

LANDARK
PÉTUR JÓNSSON LANDSLAGSARKITEKT
TEIKNISTOFA STÓRHÖFÐA 17
SÍMI 567-7737 FAX 567-7736

		BREYTING	DAGS:	TEXTI	SAMÞ:
MKV.	1:10000	A			
DAGS.	14.09.2006	B			
HANNAÐ	PJ	C			
TEIKNAÐ	KÞ	D			
		E			

05117lau/t/hönnun3